

# Skýrari línur eftir fundinn

Ný stjórn kosin á aðalfundi Geðhjálpar.

**GEÐHJALP** Aðalfundur Geðhjálpar var haldinn á laugardag og komu hátt á þriðja hundrað manns á fundinn. Samþykktar voru breytingar á lögum félagsins og síðan kosin stjórn samkvæmt nýjum lögum.

Í nýjum lögum er ákvæði um að launaðir starfsmenn Geðhjálpar eru ekki kjörgengir í félaginu. Á fundinum var talsvert tekist á um þetta atriði en nýju lög in engu að síður samþykkt með rúmum 2/3 hluta atkvæða.

Að sögn Sveins Rúnars Haukssonar stjórnarmanns er Geðhjálpar fyrst og fremst sjúklingafélag þótt það sé opið bæði aðstandendum og sérhverjum sem lætur sig geðheilbrigðismál varða. Þessi afstaða skýrðist mjög á fundinum bæði með laga-

STJÓRN GEÐHJALPAR
Sigursteinn Másson formaður
Sveinn Rúnar Hauksson
Guðrún Ögmundsdóttir
Elisabet K. Jökulsdóttir
Sigríður Kristinsdóttir
<b>Varastjórn</b>
Áslaug Ragnars,
Ingimundur K. Guðmundsson
Ólafur Snorrason

breytingunni og í stjórnarkjörinu. Staða félagsins hefur því skýrst að mati Sveins Rúnars. „Menn vita hvað Geðhjálpar er og hvað hún vill vera.“ Nýkjörin stjórn kemur saman á miðvikudag. ■



**NÝKJÖRINN FORMADUR**

Sigursteinn Mássons var kjörinn formaður Geðhjálpar með 200 atkvæðum á móti 65 sem Kristófer Þorleifsson fékk.